

ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 477/1999/EB

frá 22. febrúar 1999

um breytingu á ákvörðun nr. 719/96/EB um að koma á fót áætlun til stuðnings lista- og menningarstarfsemi þar sem áhersla er lögð á Evrópuþáttinn (Kaleidoscope-áætlunin)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 128. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 719/96/EB⁽⁴⁾ er komið á fót áætlun til stuðnings lista- og menningarstarfsemi þar sem áhersla er lögð á Evrópuþáttinn (Kaleidoscope-áætlun) fyrir tímabilið 1. janúar 1996 til 31. desember 1998.

Í þriðju málsgrein 8. gr. þeirrar ákvörðunar er kveðið á um að gera skuli hverja þá ráðstöfun sem getur komið í veg fyrir að tafir verði á áætluninni.

Hinn 28. maí 1998 lagði framkvæmdastjórnin fyrir Evrópuþingið og ráðið tillögu að ákvörðun um að setja fram einn gerning í tengslum við fjármögnun og áætlanir um samvinnu á sviði menningarmála fyrir tímabilið 1. janúar 2000 til 31. desember 2004.

Á meðan beðið er eftir því að tillagan verði samþykkt er nauðsynlegt að tryggja að aðgerð Evrópubandalagsins á sviði menningarmála verði haldið áfram óslitið á þeim efnissviðum sem falla undir Kaleidoscope-áætlunina.

SAMÞYKKT EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á ákvörðun nr. 719/96/EB:

1. í stað „31. desember 1998“ í 1. mgr. komi „31. desember 1999“;
2. í stað „26,5 milljónir ekna“ í 6. gr. komi „36,7 milljónir evra“.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Gjört í Brussel 22. febrúar 1999.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. M. GIL-ROBLES

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

K.-H. FUNKE

forseti.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB C 319, 16. 10. 1998, bls. 14 og Stjttíð. EB C 372, 2. 12. 1998, bls. 30.

⁽²⁾ Stjttíð. EB C 51, 22. 2. 1999, bls. 92.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 9. október 1998 (Stjttíð. EB C 328, 26. 10. 1998, bls. 238), sameiginleg afstaða ráðsins frá 20. nóvember 1998 (Stjttíð. EB C 404, 23. 12. 1998, bls. 19) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 17. desember 1998 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun ráðsins frá 8. febrúar 1999.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB L 99, 20. 4. 1996, bls. 20.